2. stjórnarfundur

12. maí 2016

Haldinn á veitingastaðnum Le Bistro, 12. maí, 2016 kl. 17:30-19:00

Mættar: Harpa Þórunn Pétursdóttir, Auður Nanna Baldvinsdóttir, Petra Steinunn Sveinsdóttir, Íris Baldursdóttir, Guðbjörg Óskarsdóttir og Helga Barðadóttir, sem ritaði fundargerð.Hjördís Sigurðardóttir, Vigdís Harðardóttir, Birta Kristín Helgadóttir og Elín Smáradóttir boðuðu forföll.

Fundargerð síðasta fundarFundargerð

1. fundar lögð fram og var hún samþykkt.

2. Gjaldkeri

Guðbjörg var kjörinn gjaldkeri félagsins.

3. MerkiFormaður lagði fram nýja tillögu að útfærslu á merki félagsins sem var samþykkt.

4. Fyrirkomulag fund

Á 1. fundi var ákveðið að til að fundur yrði ákvarðanabær þyrftu að mæta 7 stjórnarmenn. Á fundinum var ákveðið að taka upp á þá tillögu að einfaldur meirihluti stjórnar gæti tekið ákvarðanir.

5. Viðburðir

Mikil ánægja var með samstarfið við Wing á Íslandi og móttökuna sem haldin var í tengslum við IGC – ráðstefnuna 28. apríl sl.Samþykkt að leitast verði við að félagið verði sýnilegt með einhverjum hætti á sem flestum alþjóðlegum ráðstefnum um orkumál sem haldnar verða hér á landi.Næstu viðburðir:Hugmyndir:Gönguferð á Hellisheiði undir leiðsögn ONViðburður í Svartsengi í samvinnu við HS – Orku, í Svartsengi. Rætt um möguleika á að fá félagskonur til að halda örkynningar á stöfum sínum.Áfram verði skoðað með möguleika á að vera með kynningar í skólum til að vekja áhuga stúlkna á orkumálum.

6. Undirbúningur á greiningu og úttekt á stöðu kvenna í orkumálumHarpa og Auður hittu Halldór Þorkelsson og Hafstein hjá PVC. Á fundinum kom fram að PVC í Þýskalandi heldur utan um alþjóðlegt tengslanet kvenna í orkumálum (women&energy) og einnig hefur PVC unnið að greiningu kvenna í orkumálum í Bretlandi (Powerful Women).Ákveðið var að vinna verkefnalýsingu fyrir viðlíka greiningu á stöðu kvenna í orkumálum á Íslandi. Hugmynd að verkefnalýsingu verði lögð fram við PVC og leitað eftir styrkjum til fyrirtækja um kostun verkefnisins

7. Samfélagsmiðlar

Ákveðið að hafa facebook-síðuna opna fyrir „postun“ og innleggjum frá öðrum en stjórn en stjórn áskilur sér rétt til að eyða færslum sem ekki eiga heima á síðunni.Harpa mun breyta aðgangi að síðunni þannig að

allir stjórnarmeðlimir hafi „admin“ heimild á síðuna.Auður mun skoða birtingu á Linkedin síðunni.

8. Styrkjamál

Auður lagði fram tillögu um efni sem hægt væri að liggja fyrir mögulega styrktaraðila.Bankastjóri Íslandsbanka hefur boðið stjórninni til fundar og verður kynningarefnið lagt fyrir þann fund.Harpa og Auður hafa umboð stjórnar til að leita eftir styrkjum frá fyrirtækjum.

9. Miðlun gagna

Íris ætlar að setja upp Drop-box fyrir stjórnina, þar sem verða settar inn fundargerðir, myndir og önnur gögn.

10. Kynning á félaginu

Harpa mun kynna félagið á Samorkufundinum á Ísafirði 26.-27. maí nk.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 2. júní kl. 17:30 þar sem annar fimmtudagur í júní hentaði fáum stjórnarkonum. Fundarboð og staðsenting auglýst þegar nær dregur.

12. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.